



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

618. stjórnarfundur þriðjudaginn 12. mars 2024 kl. 17:00

Mættir: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Mór Newman, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson. Einar Haraldsson og Birgir Mór Bragason.

1. Fundargerð síðasta fundar

Liggur frammi.

2. Innkomin bréf

- Fréttabréf UMFÍ og ÍSÍ. Breytingar á reglugerðum Lottó mun eiga sér stað þann 1. apríl 2024,
- Fréttabréf ÍSÍ svæðisskrifstofur. ÍRB fimmta stærst með 5,7% af lottótekjum.
- Fréttabréf UMFÍ sagði frá því að búið að ráða Hönnu Cörlu í innleiðingu svæðisskrifstofa.
- Tölvupóstur frá Margréti Rós Ingólfssdóttur félagsfræðing, hún er að bjóða fram krafta sína sem félagsfræðingur.
- Tölvupóstur frá UMFÍ Niðurstaða sakaskrá aðalstjórnar, allir stóðust skoðun.
- Tölvupóstur frá skattinum hver sé skráður eigandi Sunddeildar. Formaður aðalstjórnar er skráður eigandi allra deilda félagsins.
- Tölvupóstur frá ÍSÍ/ÍRB Réttindi afreksfólks, engin skýrsla komin um fundinn sem var kynnt fimmtudaginn 7. mars.
- Fréttabréf UMFÍ Ráðstefna um konur og íþróttir 7. mars. Starfsmenn Keflavíkur horfðu á í streymi.
- Fundargerðir frá fimleikadeild, knattspyrnudeild og barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

- Tölvupóstur sendur á Rannveigu Lind hjá Skattinum vegna eiganda deilda félagsins, sunddeild
- Ýmis tölvupóstur sendur á deildir félagsins

4. Formanna og gjaldkerafundur deilda

- Formanna og gjaldkerafundur verður haldinn 12. mars kl.18:30. Farið yfir dagskránnu, Björg, Hjördís, Guðbjörg og Einar skipta með sér verkum á fundinum.

5. Ársþing ÍRB

- Huga að fulltrúum í stjórn ÍRB, Þing ÍRB í maí, ekki komin dagsetning. Keflavík á tíu fulltrúa á þingi.

6. Eigandi Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags og deilda þess

Huga að hver eigi að vera skráður raunverulegur eigandi félagsins og deilda þess. Ákveðið að formaður Keflavíkur sé ávallt skráður eigandi félagsins og deilda. Framkvæmdastjóra falið að breyta raunverulegum eiganda félagsins og deilda.



7. Þreksalur

- Einar og Garðar áttu fund mánudaginn 4. mars með Kristjáni skólameistara og Guðlaugu aðstoðaskólameistara FS vegna greiðslu fyrir notkun á þreksal. Garðar, Birgir og Einar halda áfram viðræðum við FS og Helga hjá RNB

8. Önnur mál

- Einar og Guðbjörg sóttu ráðstefnu hjá Advania um möguleika í BC bókhaldskerfi. Þarf að taka afrit í byrjun hvers árs skylda samkvæmt bókhaldslögum, ekki nóg að geyma gögn í skýi.
- Almannaheill, hugmynd um að setja flipa á heimasíðuna okkur fyrir þá aðila sem vilja styrkja félagið og fá skattaafslátt.
- Einar sýndi merkingar á glerið á nýja fundarherberginu. Framkvæmdastjóra falið að panta merkingu á glervegginn.
- Einar fer í að breyta prókúru fyrir nýjan framkvæmdastjóra.
- Reykjaneshöll, rætt um umgengni.

Fundi lokið kl. 18:20

Næsti fundur verður þriðjudaginn 26. mars

1. Fundinn ritaði Sveinbjörg